

25. september 2019

Frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga

Ágæti viðtakandi.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga hafa birt til umsagnar drög að Sóknaráætlun Suðurlands 2020 til 2024.

Drögin hafa verið birt á samráðsgátt stjórnvalda. Frestur til að skila inn umsögnum er til og með 8. október næst komandi.

Sjá drögin hér drögin í samráðsgátt stjórnvalda:

[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1492](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1492)

Nánari upplýsingar um sóknaráætlanir landshluta er að finna [hér](#) á vef stjórnarráðsins og [hér](#) á vef SASS.

Drög að Sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024, á vegum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), er nú kynnt í samráðsgátt stjórnvalda. Mótun nýrrar sóknaráætlunar var unnin í nánu samráði við aðila í landshlutanum. Íbúafundir voru haldnir um sérhvert málefni og tóku um 400 íbúar þátt í fundunum. Afurð fundanna voru megin áherslur íbúa sem lagðar voru til nánari úrvinnslu á fundi samráðsvettvangs. Samráðsvettvangurinn var skipaður 100 einstaklingum, sveitarstjórnarfólki og íbúum skipuðum af sveitarfélögunum fimmtán á Suðurlandi. Á þeim fundi var markmiðum forgangsraðað og þau tengd Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Í ferlinu var ákveðið að skipta sóknaráætluninni í þrjú málaflokka: atvinna og nýsköpun, umhverfi og samfélag. Eru það jafnframt þrjú megin málefni sjálfbærrar þróunar. Tekin verður grunnstaða í öllum mælanlegum markmiðum 1. janúar 2020 og reglulega fylgst með stöðunni út tímabilið. Afurðin er drög að Sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024, sem er landshlutabundin byggðaaætlun Sunnlendinga. Stefnan mun stýra ákvörðun um val á áhersluverkefnum (aðgerðum) og við úthlutun styrkja úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands á vegum samtakanna.

Drög að Sóknaráætlun Suðurlands 2020 til 2024 er nú kynnt í samráðsgátt stjórnvalda og verður opið fyrir athugasemdir og ábendingar á vefnum, samradsgatt.is, til og með 8. október næst komandi. Eru íbúar, sem og aðrir hagaðilar, hvattir til að kynna sér nýja sóknaráætlun landshlutans á samráðsgáttinni.



Pórður Freyr Sigurðsson

Sviðsstjóri þróunarsviðs

e. Manager of Development

gsm 692 9030

sími 480 8200

SASS

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

e. The Association of the Local Authorities in South Iceland

Austurvegi 56 Selfossi / Austurvegi 4 Hvolsvelli

800 Selfossi / 860 Hvolsvelli

sass.is